

Hverfisráð Hríseyjar

130. fundur

Miðvikudaginn 30. október 2019 kl. 20:00 var haldinn 130. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ólafur Búi Ólafsson, Hermann Jón Erlingsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Staða á verkefnum

Grillhús: Verkefnið hefur dregist sökum þess hve erfitt var að fá staura hjá Rarik. Allt efni er núna komið í eyjuna. Gert er ráð fyrir undirbúningsvinnu (staurum komið niður) núna í haust.

Stiginn við sjósundaðstöðuna: Ekkert hefur gerst í sambandi við stigann á sjósundsvæðinu, og spyr hverfisráð hver staðan er á verkefninu.

2. Íbúafundur 2019 og kosning í hverfisráð

Íbúafundur 2019 og kosning í hverfisráð verður mánudaginn, 18. nóvember kl 16:00.

3. Önnur mál

Bréf verður sent á Akureyrarbæ með fyrirspurn um hvort hægt sé að framlengja byggðapróunarverkefnið Brothættar byggðir. Bréf verður sent á Vegagerðina varðandi nýja Hríseyjarferju.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:45.

Ólafur Búi Ólafsson
Hermann Jón Erlingsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker